



Reykjavík, 22. nóvember 2018

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi). 149. löggjafarþing 2018-2019. Þingskjal 15 – 15. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis þann 9. nóvember sl. sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis undirritaðri til umsagnar ofangreint lagafrumvarp. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nýtt ákvæði um stafrænt kynferðisofbeldi verði staðsett í 196. gr. hgl., sbr. 1. gr. frumvarpsins. Aðrir hafa fjallað um efnisinnihald 1. gr. frumvarpsins, en auk þess tel ég rétt að leitað verði um það umsagnar refsiréttarnefndar dómsmálaráðuneytis, hafi það ekki þegar verið gert. Í umsögn þessari mun ég aðeins fjalla stuttlega um eitt atriði varðandi 1. gr. frumvarpsins, þ.e. staðsetningu fyrirhugaðs ákvæðis í 196. gr. í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum (hgl.).

Ákvæðum um einstakar brotategundir í hgl. er skipað í kafla í lögnum eftir verndarhagsmunum. Það auðveldar einnig notkun laganna að ákvæði um skyldar brotategundir séu flokkuð saman og séu á sama stað í lögnum. Lagaákvæðin um kynferðisbrot eru í XXII. kafla laganna og eiga að vernda friðhelgi, sjálfsákvörðunarrétt og athafnafrelsi í kynlífi. Innan kaflans er ákvæðunum raðað þannig að skyld brot eru flokkuð saman og í samræmi við það er ákvæðunum skipt í fjóra flokka. Fyrst koma ákvæðin um nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks (194.-199. gr.), síðan kynferðisbrot gegn börnum (200.-202. gr.), þá vændi (206. gr.) og loks brot gegn blygðunarsemi og klám (209. gr. og 210. gr.).

Ákvæði um stafrænt kynferðisofbeldi á ekki heima í 196. gr. innan um ákvæði um nauðgun og aðra kynferðislega misneytingu, þ.e. 194.-198. gr. laganna, sem leggja refsingu við samræði eða öðrum kynferðimökum. Hótanir um að birta nektar- eða kynlífsmyndir á netinu án samþykkis viðkomandi láti hún/hann ekki að vilja geranda geta flokkast sem hótanir í skilningi 194. gr. og hefur reynt á það í nýlegum dómum Hæstaréttar, sjá H 15. desember 2016 (441/2016) og H 8. júní 2017 (733/2016). Í slíkum tilvikum telst brotið nauðgun eða tilraun til nauðgunar. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins fjallar hins vegar ekki um nauðgun. Það er því í betra samræmi við flokkun brota innan kynferðisbrotakaflans að finna hinu nýja ákvæði stað með þeim ákvæðum sem því eru skyldust. Annað hvort mætti staðsetja það á eftir ákvæðinu í 199. gr. um kynferðislega áreitni, í nýrri grein 199. gr. a, eða á eftir ákvæðinu um brot gegn blygðunarsemi, sem 209. gr. a.

Ragnheiður Bragadóttir, prófessor

Lagadeild Háskóla Íslands.